



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 4/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Allianz
2. Arion banka hf.
3. Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf.
4. Landsamtökum Lífeyrissjóða
5. Seðlabanka Ísland

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 4/2012 varð að leiðbeinandi tilmælum nr. 2/2013 um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	Almenn athugasemd	<p>Landsamtök lífeyrissjóða (LL) telja jákvætt að gefin verði út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu séreignadeilda. Mikilvægt er að lífeyrissjóðir þekki og fylgist með helstu áhættuþáttum í rekstri sínum.</p> <p>Í tilmælunum er áhætta skilgreind á sama hátt og í leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu samtryggingadeilda (4/2011): „öll þau atvik sem auka marktækt líkurnar á því að réttindi/eignir rétthafa skerðist til skemmri eða lengri tíma." LL telur þessa skilgreiningu á áhættu vera varhugaverða og leggur til að áhætta verði skilgreind sem „hættan á atburði sem dregur úr líkum á því að ávöxtunarleið séreignadeildar nái markmiðum sínum".</p> <p>Markmið ávöxtunarleiða geta verið mismunandi og telur LL að skilgreining á áhættu eigi að taka tillit til þess. Sjóðfélagi getur oft valið á milli ólíkra fjárfestingastefna og getur val hans t.d. ráðist af væntingum um langtímaþróun á ákveðnum eignaflokkum. Áhætta sjóðfélaga getur því verið að langtímaávöxtun eignaflokka verði ekki ásættanleg og að ávöxtun verði ekki ásættanlega miðað við markaðsaðstæður. Mismunandi séreignadeildir geta verið með mismunandi markmið um tímalengd sparnaðar og því er eðlilegt að svigrúm sé til þess að skilgreina áhættu með tillit til mismunandi markmiða.</p> <p>Sá sem velur að ávaxta sparnaðinn sinn í verðbréfum verður að vera tilbúinn að sjá inneign sína sveiflast því gengi verðbréfa breytist stöðugt. Eðli verðbréfa er að verð þeirra sveiflast en til lengri tíma litið hækka verðbréfin að jafnaði í verði. Til lengri tíma má búast við að verðbréfasöfn með hátt hlutfall hlutabréfa skili betri ávöxtun og að einstaklingum sem fjárfesta í slíkum söfnum verði umbunað fyrir áhættuna með hærri ávöxtun. Sagan staðfestir þetta. Sem dæmi má nefna að verðbréfasöfn með jöfnu vægi skuldabréfa og hlutabréfa á bandarískum verðbréfamarkaði skilaði neikvæðri ávöxtun að jafnaði fimmta hvert ár á árunum 1926-2011. Með hliðsjón af þessu getur ekki gengið að skilgreina áhættu í tilmælum um áhættustýringu sem öll þau tilvik sem auka líkur á að inneign skerðist til skemmri eða lengri tíma.</p>
2.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	1.3.	<p>Í ákvæðinu er mælt fyrir um að tilmælin taki gildi 1. september 2012. Eðlilegt er að mæla fyrir um tiltekinn umþóttunartíma fyrir vörsluaðila til að laga starfsemi sína að reglunum, til að mynda níu mánuðir eins og gert er í tilmælunum um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Með því er stuðlað að því að undirbúningur og innleiðing verði vandaðri en ella.</p>

3.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	2.1.	Ekki er alltaf hægt að magnsetja áhættu og þegar það er hægt er eðlilegra að líta á áhættu sem „bil“ eða „dreifingu“ (sbr. normaldreifingu) fremur en tölu eða mörk. Varast þarf að blanda saman áhættustýringu og áhættumælingum. LL telur því að fella ætti út úr tilmælunum „...og setja ásættanleg mörk fyrir þessar áhættur“ eða bæta við setninguna „þar sem það á við“. Í næstu setningu er talað um fullnægjandi áhættustýringu sem felur eftir atvikum í sér að setja mörk þar sem við á. Inntak greinarinnar breytist því ekki þrátt fyrir að þessi hluti setningarinnar verði felldur út en greinin verður rökréttari.
4.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	2.2.	Eðlilegt er að hugtakið „ábyrgðaraðili“ verði skilgreint eða vísað til viðkomandi réttarheimildar. Hugtakið kemur einnig fyrir í inngangi, gr. 2.3 og í viðauka I. Einnig væri unnt að skipta út hugtakinu og nota fremur vörsluaðili séreignasparnaðar.
5.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	2.3.	Hér er lagt til að orðalag 2. málsliðar verði endurskoðað m.t.t. almennrar orðnotkunar í íslensku. Mætti til að mynda nota „starfsvenjur“ fremur en „starfsanda“.
6	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	2.5.	Ekki þykir alveg ljóst til hvers er verið að vísa með skammstöfuninni „sk.“
7.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	2.6.	Röð þátta í mynd er ekki rökrétt því að fjárfestingarstefna ætti að byggja á fjárfestingar- og áhættumarkmiðum ásamt því að taka tillit til áhættupols. Rökréttara væri að röð þáttanna væri önnur. Einnig væri hægt að hafa þættina í töflu í stað flæðirit. Í raun væri eðlilegra að tilgreina þættina án þess að setja þá í ákveðna röð.
8.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	3.1.	Inntak 1. málsliðar mætti vera skýrara. Spurning hvort eftirfarandi orðalag nái betur markmiðinu: „Stjórn og starfsmenn vörsluaðila skulu ávallt starfa þannig að hagsmunir rétthafa séu hafðir í fyrirrúmi“. Jafnframt væri mikilvægt að setja inn ákvæði sem tæki á skyldu vörsluaðila til að gæta jafnræðis rétthafa. Skoða þarf 2. málslið m.t.t. málfars. Rökrétt að bæta við orðunum „eftir atvikum“ á undan „...þjónustuaðila skal vera skýr.“ þar sem ekki er sjálfgefið að um þjónustuaðila sé að ræða í öllum tilvikum.
9.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	4.3.	Í 3. lið er fjallað um lausafjárahættu. Þar er einungis vísað til áhættu vegna réttindaflutninga. Fremur ætti að nota hugtakið útgreiðsluáhætta. Útgreiðsluáhætta nær til allra tegunda af útgreiðslum þar með talið réttindaflutninga. Í 4. lið stendur „...í rekstrarumhverfi lífeyrissjóða“, nota ætti frekar „... í rekstrarumhverfi vörsluaðila“.

10.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	5.3	Á líklega ekki heima undir kaflanum fjárhagsleg áhætta. Ætti frekar heima í 8. kafla.
11.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	7.3.	Hér eru taldir upp nokkrir þættir sem metnir skulu þegar árlegt álagspróf er framkvæmt. Lagt er til að þættirnir „lækkun innlendra hlutdeildarskírteina“ og „lækkun erlendra hlutdeildraskírteina“ verði teknir út. Lagt er til að fram komi að við gerð álagsprófs sé æskilegt að horfa í gegnum hlutdeildarskírteini/hluti verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða (í samræmi við 7.tl. 36.gr.laga nr. 129/1997) og að undirliggjandi eignir sjóðanna verði metnar í álagsprófinu með viðkomandi eignaflokkum.
12.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	12.1.	LL telur orðalagið „beita skal afleiðum...“ varhugavert því hægt er að skilja orðalagið á þann hátt að skylda sé að nota afleiður en væntanlega á inntak setningarinnar að vera að heimilt sé að nota afleiður til þess að draga úr hættu eða bæta eignastýringu.
13.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	12.2.	Þessi grein ætti heima í 36. gr. laga nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalaganna) en ekki í leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu. LL telur mjög mikilvægt að ekki sé kveðið á um fjárfestingarheimildir á mörgum stöðum því að það getur aukið rekstraráhættu. Jafnframt er lagaheimild FME dregin í efa til að setja reglur um fjárfestingarheimildir sbr. almenna umfjöllun í umsögn.
14.	Landsamtök lífeyrissjóða (LL)	12.3.	Þessi grein ætti heima í 36. gr. laga nr. 129/1997 (lífeyrissjóðalaganna) en ekki í leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu. LL telur mjög mikilvægt að ekki sé kveðið á um fjárfestingarheimildir á mörgum stöðum því að það getur aukið rekstraráhættu. Jafnframt er lagaheimild FME dregin í efa til að setja reglur um fjárfestingarheimildir sbr. almenna umfjöllun í umsögn.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Íslandsbanki VÍB	2.5.	Hvern skal upplýsa?
2.	Íslandsbanki VÍB	2.6.	Skilgreining áhættuþols ætti að vera framar í ferlinu. Hvað er átt við með "skilgreining á áhættuþoli og áhættumarkmið".
3.	Íslandsbanki VÍB	3.3.	Hvað er átt við "deild"? Spurning um að nota frekar fjárfestingarleið.

4.	Íslandsbanki VÍB	5.5.	Hvað er átt við með "stærstu"? Væri etv betra að miða við áhættu umfram fasta % af eignasafni.
5.	Íslandsbanki VÍB	7.2.	Niðurstöður álagsprófs á að senda FME.
6.	Íslandsbanki VÍB	7.3.	Óþarfi að meta sérstaklega lækkun/hækkun innlendra hlutdeildaskírteina enda sambland annara eignaflokka.
7.	Íslandsbanki VÍB	8.2.	Hvað er átt við "aðgang að starfsstöð"?
8.	Íslandsbanki VÍB	9.1.	Sjóðfélagalán á ekki við um séreignasparnaði.
9.	Íslandsbanki VÍB	12.1.	GVT er ekki lengur í notkun.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Arion banki hf.	Almenn athugasemd	<p>Arion banki telur jákvætt að gefin verði út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu séreignadeilda. Mikilvægt er að vörsluaðilar þekki og fylgist með helstu áhættuþáttum í rekstri sínum.</p> <p>Þessi drög eru lík tilmælum um áhættustýringu samtryggingadeilda lífeyrissjóða. Að mati bankans er jákvætt að hafa tilmælin eins lík og hægt er en taka þurfi tillit til þess að ekki eru allir vörsluaðilar séreignasparnaðar lífeyrissjóðir. Í tilmælunum er töluvert fjallað um hlutverk og skyldur stjórna og telur bankinn að líklegt sé að hlutverk stjórna sé í mörgum tilfellum hugsað út frá því að vörsluaðilinn sé lífeyrissjóður. Í flestum tilfellum kemur það ekki að sök en eins og fram kemur í athugasemdum þessum væri skynsmlegra, að mati bankans, að stjórn gæti falið öðrum tilltekin verkefni.</p> <p>Að mati Arion banka er þörf á því í tilmælunum að heimila stjórn vörsluaðila að skipa starfsstjórn fyrir þann hluta starfsemi vörsluaðilans sem snýr að móttöku og varðveislu séreignarsparnaðar. Slíkri starfsstjórn væri í raun falið sambærilegt hlutverk og stjórn hefðbundins lífeyrissjóðs t.d. hvað varðar eftirlit með rekstri og meðferð fjármuna rétthafa séreignarsparnaðarins.</p>
2.	Arion banki hf.	5.2.	Hér vísast í texta í upphafi um almenna umsögn

3.	Arion banki hf.	11.1.	Hér vísast í texta í upphafi um almenna umsögn.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1.	Seðlabanki Íslands	Almenn umsögn	<p>Með dreifibréfi þann 12. desember sl. óskaði Fjármálaeftirlitið eftir umsögnum um annars vegar drög að leiðbeinandi tilmælum um áhættustýringu (eftirlitskerfi) vörsluaðila séreignarsparnaðar, sbr. umræðuskjal nr. 4/2012, og hins vegar um drög að endurútgefnum leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu (eftirlitskerfi) samtryggingardeilda lífeyrissjóða, sbr. umræðuskjal nr. 14/2012.</p> <p>Seðlabanki Íslands telur leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins um áhættustýringu (eftirlitskerfi) eftirlitsskyldra aðila mikilvægar. Ljóst er að stjórn og stjórnendum ber að stuðli að góðum starfsháttum og gegnsæi en einnig þarf fyrirtækjamening viðkomandi að styðja við áhættustýringu og innra eftirlit. Þá útheimtir virkt innra eftirlitskerfi viðeigandi eftirlitsskipulag með skilgreindum eftirlitsaðgerðum á öllum stigum starfseminnar.</p> <p>Seðlabankinn leggur sérstaka áherslu á langtímahugsun í starfsemi lífeyrissjóða/vörsluaðila enda slíkt í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga/rétthafa. Mikilvægt er að leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins endurspegli slíka hugsun. Þannig mætti bæta við tilmælin, s.s. við tölulið 3.1, að stjórn og starfsmenn skuli ávallt hafa langtímahagsmunir sjóðfélaga/rétthafa að leiðarljósi.</p> <p>Seðlabankinn vill benda á að undanfarin misseri hafa lífeyrissjóðir tekið þátt í endurreisn efnahagslífsins með fjárfestingum í hluta- og skuldabréfum. Þannig hafa lífeyrissjóðirnir í vaxandi mæli lagt fjármagn til atvinnulífsins og því fylgir áhætta. Seðlabankinn telur mikilvægt að fylgst sé sérstaklega vel með aukinni áhættu vegna framangreinds, hvort sem um er að ræða skráð eða óskráð bréf eða fjárfestingar í sjóðum. Jafnframt er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir fari ekki í kring um þær reglur sem um fjárfestingar þeirra gilda, hvorki beint né óbeint. Þá er mikilvægt að lífeyrissjóðirnir meti vel þá áhættu sem felst í að eiga eignir í erlendum gjaldmiðlum.</p>